

**178918****Hexane**

1. Upplýsingar um vöru, seljanda og framleiðanda

Heiti efnis:	Hexane
Númer efnis:	178918
Söluaðili:	GRÓCO ehf
Símanúmer söluaðila:	568 8533
Neyðarlínan; sjúkrabífreidd, slökkvilið og lögregla:	112
Eitrunarmiðstöð Landspítalans:	543 222

2. Innihaldsupplýsingar / samsetning efnis

CAS nr:	110-54-3	Hreinleiki:	≥ 97.0% (GC)
ESB nr:	2037776	Efnaformúla:	CH ₃ (CH ₂) ₄ CH ₃
Styrkur %:	Á ekki við	Mólmassi:	86,18 g/mól

3. Varúðarupplýsingar

Hættuflokkun F: F – Xn – N
Nánari upplýsingar:
Sjá liði 4, 11 og 15



4. Skyndihjálp

Eftir Innöndun:	Færið viðkomandi í ferskt loft. Ef viðkomandi andar ekki, beitið öndunarhjálp. Hafið samband við lækni.
Snerting við augu:	Hreinsið vel með miklu vatni. Hafið samband við lækni.
Snerting við húð:	Hreinsið vel með sápu og miklu vatni. Hafið samband við lækni.
Eftir Inntöku:	Kallið EKKI fram uppköst. Skolið munn með vatni ef viðkomandi er ekki meðvitundarlaus. Hafið samband við lækni.

5. Bruni / aðferðir við að slökkva eld

Efni/aðferdir: Fyrir minni elda, notið alkohól-froðu, þurr-efni eða koldíoxíð. Fyrir stærri elda, beitið vatni í formi úða úr eins mikilli fjarlægð og mögulegt er. Beinar bunur gætu reynst árangurslausar. Kælið allar umbúðir með miklu vatni. Notið lokaðan hlífðarbúnað við slökkvistörf.

Aðrar upplýsingar: Notið vatnsúða til að kæla óopnaðar umbúðir.

6. Efnaleki

Varúðarráðstafanir varðandi efnaleka: Forðist innöndun gufu, úða eða gass. Tryggið nægilega loftræstingu. Fjarlægið neistagjafa. Flytjið starfsfólk á öruggan stað. Komið í veg fyrir samansöfnun gass til að forðast sprengihættu. Gas getur safnast fyrir í gólfhæð. Komið í veg fyrir frekari leka ef það er möguleiki á. Forðast ber með öllu losun út í umhverfið. Látið efnið ekki berast í niðurföll.

Æskilegur hlífðarfatnaður: Notið hlífðarfatnað.

Hreinsunaraðferðir: Afmarkið lekann og safnið í óeldfimt, vökvadrægt efni (t.d. sand, mold, kísilgúr, vermikúlít) og setjið í ílát til förgunar í samræmi við svæðis/ríkis reglugerð (sjá lið 13).

7. Meðhöndlun og geymsla

Meðhöndlun: Forðist innöndun gass eða úða. Haldið efni frá neistagjafa - Reykingar bannaðar. Gerið ráðstafanir til að komast hjá uppbyggingu hleðslu við efni.

Geymsla: Geymist á köldum stað. Hafið ílát þéttlokað á þurrum og vel loftræstum stað. Ílát sem hafa verið opnuð ber að loka vandlega og höfð upprétt til að forðast leka.

Öryggisblað (MSDS)

Skv. reglugerð nr. 1027/2005

8. Eftirlit með mengun / persónulegur hlífðarbúnaður

Persónuhlífar:

Fyrir öndunarveg: Ef áhættumat gefur til kynna að notast verði við öndunar-hreinsigrímur notið viðurkenda andlitshyljandi grímu.

Fyrir augu: Öryggisgleraugu

Fyrir hendur: Hlífðarhandskar

Fyrir húð: Miðist við magn þess sem unnið er með

9. Efna- og eðliseiginleikar

Við hitastig eða þrýsting

<i>Eðlisástand:</i>	Vökvi	
<i>Útlit (litur):</i>	Litlaust	
<i>Sýrustig pH:</i>	7,0	
<i>Bræðslumark:</i>	-95,0 °C	
<i>Suðumark:</i>	68,0 - 70,0 °C	
<i>Blossamark:</i>	-26,0 °C	
	Aðferð: Closed Cup	
<i>Hætta á sjálfstíkveikju</i>	234 °C	
<i>Sprengimörk</i>		
<i>Efri:</i>	7,7 %(V)	
<i>Neðri:</i>	1,2 %(V)	
<i>Gufunarþrýstingur:</i>	341,3 hPa	37,7 °C
	176,0 hPa	20,0 °C
<i>Mólmassi:</i>	86,18 g/mól	
<i>Eðlismassi:</i>	0,66 g/cm ³	
<i>Leysanleiki í vatni:</i>	ÓLeysanlegt	
<i>Annað:</i>	Dreifistuðull: log Pow: 3,90 - 4,11	

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

Stöðugleiki: Stöðugt við áðurnefndar geymslu aðstæður.

Öryggisblað (MSDS)

Skv. reglugerð nr. 1027/2005



Efni sem skal varast: Oxunarmiðlar.

Aðstæður sem skal varast: Hiti, logar og neistar.

Hættuleg niðurbrotsefni: CO_x myndast við bruna.

Hættuleg efnahvörf:

11. Eiturefna upplýsingar

Snerting við húð: Getur verið skaðlegt og ertandi í snertingu við húð.

Snerting við augu: Getur verið ertandi.

Við Innöndun: Skaðlegt við innöndun, getur verið ertandi. Gufur geta valdið sljóleika og svima.

Við Inntöku: Getur verið skaðlegt við inntöku, getur farið í lungu og valdið skaða.

Frekari upplýsingar:

12. Hættur gagnvart umhverfinu

Hegðan í umhverfinu: Engar upplýsingar tiltækar

Aðrar vistfræðilegar uppl.:: Eitrað vatnalífverum, getur valdið neikvæðum langtíma áhrifum í vatnaumhverfi. Engar frekari upplýsingar tiltækar.

13. Förgun

Förgun vöru: Fargist í efnabrennslu en gætið sérstakrar varúðar þar sem efnið er mjög eldfimt. Farið eftir öllum umhverfislögum og reglum. Hafið samband við sérhæfðan förgunaraðila (Efnamóttakan hf.) með lagaheimild til að farga þessu efni.

Förgun umbúða: Fargist sem ónotuð vara.

Öryggisblað (MSDS)

Skv. reglugerð nr. 1027/2005



14. Flutningur

Flutningur á landi - ADR/RID

UN nr: 1208 Flokkur: 3 PG: II Heiti við flutninga: Hexanes

Flutningur á sjó - IMDG

UN nr: 1208 Flokkur: 3 PG: II Heiti við flutninga: HEXANES

Sjávar-mengandi: Nei Mjög Sjávar-mengandi:

Flutningur í lofti - ICAO/IATA

UN nr: 1208 Flokkur: 3 PG: II Heiti við flutninga: Hexanes

15. Upplýsingar um lög reglur sem varða notkun vörunnar

Varnaðarmerkingar: Skv. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilskipunum ESB

Varnaðarmerki: Sjá lið 3:

H-setningar: 11 – 38 – 62 – 65 – 67

Blandaðar: 48/20 – 51/53

Mjög eldfimt. Ertir húð. Getur hugsanlega dregið úr frjósemi. Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku. Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima. Hættulegt: hætta á alvarlegu heilsutjóni við innöndun við langvarandi notkun. Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

V-setningar: 9 – 16 – 29 – 33 – 61 – 62

Blandaðar: 36/37

Geymist á vel loftræstum stað. Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar. Má ekki losa í niðurfall. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafragnni. Forðist losun út í umhverfið. Athugið sérstakar ráðleggingar/ öryggisleiðbeiningar. Varist að framkalla uppköst eftir inntöku. Leitið umsvifalaust lækni og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar. Notið viðeigandi hlífðarfatnað og hlífðarhanska.

Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:

Reglur um efnanotkun á vinnustöðum nr. 496/1996

16. Aðrar upplýsingar

Dagsetning: 9/24/2007

Kerfissmiður: Benedikt Ómarsson

Íslenskun: Útskriftarnemar í efnafræði við Háskóla Íslands

Annað: Öryggisblöð innihalda mikilvægar sem og nauðsynlegar upplýsingar um geymslu, meðhöndlun og notkun vörunnar. Öryggisblöðin þurfa að vera aðgengileg öllum þeim sem umgangast vöruna.